

Skýrsla Æskulýðsnefndar 2022



**Hestamannafélagið Ljúfur
Hveragerði og Ölfus**

Október 2021

Inngangur

Árið sem er að líða, 2022 var loksins ár þar sem hægt var að vinna almennilega í æskulýðstarfinu eftir að nýr formaður nefndarinnar tók við. Margt skemmtilegt var gert og barnahópurinn í félaginu þéttur.

Hér á næstu blaðsíðum ætlum við að fara yfir það helsta sem við höfum okkur fyrir hendur undanfarið ár.

Grunnupplýsingar um Hestamannafélagið Ljúf

Fjöld meðlima 2019: 121 Þarf af börn: 19

Fjöldi meðlima 2020: 130 Þarf af börn: 30

Fjöldi meðlima 2021: 157 Þarf af börn: 55

Fjöldi meðlima 2022: 173 Þarf af börn: 55

Formaður: Ragnhildur Gísladóttir

Formaður Æskulýðsnefndar: Margrét Polly Hansen

Meðstjórnendur æskulýðsnefndar: Lovísa Bragadóttir Og Mikkalína Mekkín Gísladóttir



Félagssvæði Ljúfs er í Hveragerði og dreifbýli Ölfuss. Félagið var stofnað 13. janúar 1961.

Fyrsti formaður var Magnús Hannesson og stofnfélagar voru 16. Félagið heitir eftir Ljúfi frá Núpum í Ölfusi sem var í eigu Magnúsar Hannessonar fyrsta formanns. Félagsheimilið er við hesthúshverfið upp í Reykjadal. Félagsbúningurinn er ljósblár jakki, svört skyrti, hvítt bindi og svartar buxur.

Pollanámskeið

Haldið var námskeið fyrir yngstu börn félagsins í Mars 2022. Námskeiðið varð haldið á Grænhóli af reiðkennaranum Þórdísi, sem er ein af þeim fjölmörgu reiðkennara sem við búum að hér Ölfusi og Hveragerði. 12 börn voru skráð á námskeiðið og var þeim skipt upp í hópa samkvæmt aldri og getu þó að námskeiðið hafi aðalega verið miðað að þeim sem væru að stíga sín fyrst skref í hestamennsku. Áhersla var lögð á jákvæða nálgun og byggja upp sjálfstraustið hjá börnunum. Stuðst var við leik og gleði til að bæta samhæfingu, ásetu og færni hjá hverjum og einum. Sólhestar lánuðu börnunum hesta og í lok námskeiðs var augljóst að margir framtíðar hestamenn voru þarna á ferð.



Áseta og Árangur – Námskeið fyrir börn og unglunga

Í apríl 2022 var haldið námskeið í 2 hlutum fyrir börn og unglunga á Grænhóli, þar sem Þórdís Erla Gunnarsdóttir leiðbeindi. Börnin mættu með sýna eigin hesta og fengu leiðsögn um hvernig þau gæti náð sem mestum árangri á hestunum sínum, en líka var mikil áhersla lögð á ásetu.



Æskulýðsdagur

Æskulýðsdagur Ljúfs var haldinn í bongóblíðu 29 maí, og í fyrsta senn sem haldið hefur verið uppá börnin með þeirra eigin degi í Ljúf.

Dagurinn byrjaði með reiðnámskeiðum. Börnin stóðu sig frábærlega undir dyggri stjórn Þórdísar Önnu Gylfadóttur sem kenndi námskeiðin. Hún skipti deginum upp í tvennt þar sem í fyrr hluta voru 2 börn saman í hóp og fengu þau klukkutíma einkakennslu. E

12 börn voru skráð á námskeið, mörg komu með sína eigin hesta en Eldhestar lánuðu þeim sem þurftu ljúfa og góða hesta á námskeiðið.

Í hádeginu voru grillaðar pylsur og blásnar sápuvíður í gríð og erg og dagurinn endaði á þrautabraut í reiðgerðinu og teymt var undir áhugasömum börnum.



Æfum hestamennsku

Reiðskólann Bjarnastöðum hélt áfra sínu frábæra starfi með vikulegar hestamennsku æfingar fyrir börn á grunnskólaaldri.

Æfingin er 1.5 klukkutíma, 1 x í viku, og er hópunum skipt upp eftir aldri og getu.

Börnin eru að sjá um umhirðu hesta, moka undan þeim sem eru inni, sækja þá sem eru úti, beisla, leggja á og taka af hnakkinn.

Farið var í ýmsar æfingar í gerðinu, fyrst á feti og svo á tölti eða brokki, en nokkrum vikum síðar voru börnin farin að geta farið í útreiðatúra, sem þau héldu áfram yfir allan veturinn.

Allt þetta starf á vegum reiðskólans var til fyrirmyndar og uppskárur við í Ljúfi stórann hóp barna sem nú hafa ekki einungis áhuga, heldur þekkingu til að halda áfram í hestamennsku.

Sumarnámskeið Ljúfs

Þar sem svo vel gekk seinasta ár var ákveðið að halda sumarnámskeið Ljúfs aftur á Bjarnastöðum. Námskeiðin eru haldin fyrir börn fædd frá 2015-2009 og opin öllum börnum úr Hveragerði og Ölfusi. Á sumarnámskeiði Ljúfs kynnst börnin hestunum og læra undirstöðuatriði hestamennskunnar í reið.



17 júní

Skemmtilegur siður er fyrir því að félagsmenn Ljúfs fari í heiðursreið í sknúðgöngunni í tilefni 17 júní í Hveragerði. Börn í Ljúfi voru þar og teymdu undir öðrum börnum sem vildu ólm komast á bak á íslenska hestinum okkar.



Landsmót 2022

Í byrjun júní var úrtökumót fyrir landsmót á keppnisvæði Sleipnis á Selfossi. Fengu þar 3 stúlkur keppnisrétt á landsmótið í barnaflokki, þar sem þær stóðu sig með þrýði. Ljúfur gaf þeim nokkra vel valdar gjafir til að taka með sér á mótið.



Lokaorð

Mikil aukning hefur verið í hestamannafélaginu Ljúfi undanfarin 3 ár og er komið nýtt og skemmtilegt andrúmsloft í félagið.

Í stjórninni sitja núna ekki einungis nýir nefndarmenn, heldur einnig formaður og ritari. Hverfið við Vorsabæjarvelli hefur lifnað við með nýjum og yngri félögum sem þar stunda reiðmennsku allt árið um kring.

Hesthúseigendur í hverfinu hafa verið í átaki við að fegra hverfið og vonandi fáum við fljótlega inni aðstöðu til þess að geta haldið námskeið allt árið um kring án þess að þurfa að ferja hesta í aðrar reiðhallir.

Við erum heppin að hafa bæði Eldhesta, Sólhesta, Auðholtshjáleigu og Bjarnastaði í félaginu okkar sem að styðja okkur með láni á hestum, aðstöðu og kennslu.

Ölfus, Október 2022

Margrét Polly, Mekkín og Lovísa
Æskulýðsnefnd.